

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2018

Efni: Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2019 (Mál nr. 3)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga. Frumvarpið tekur á ýmsum þáttum sem ráðið vill gera eftirfarandi athugasemdir við. Helstu atriði umsagnarinnar eru þessi:

- Krónutöluhækkanir ýta undir verðbólgu og ber því að halda undir verðbólgu markmiði
- Viðskiptaráð leggst gegn frekari hækku áfengisgjalds
- Hækku kolefnisgjalds á að vera tekjuhlutlaus og því ber að lækka skatta sem því nemur
- Viðskiptaráð setur stórt spurningarmerki við aukin framlög til þjóðkirkjunnar og kristnisjóðs

Almennt um krónutöluhækkanir

Gott er að ríkisvaldið skuli ekki beinlínis ýta undir það að verðbólga sé yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans og miði í stað krónutöluhækkanir við sjálf markmiðið (2,5%). Engu að síður þýðir það hækku á sköttum sem setja sitt mark á verðbólgu í landinu. Vísitala neysluverðs, sem flest íbúðalán landsmanna eru tengd við, hækkar yfirleitt vegna slíkra skatta og gjaldskrárhækkan í janúar. Til að halda frekar aftur af verðbólgu væri skynsamlegra að slíkar hækkanir væru að jafnaði minni en sem nemur verðbólgu markmiði. Þannig má draga úr verðbólguþrýstingi sem aftur gæti stuðlað að lægra vaxtastigi, nokkuð sem stjórnámamenn, almenningur og fyrirtæki eru sammála um að sé verðugt markmið.

Áfengisgjöld – komið gott af hækjunum


Hækka á gjöld á áfengi og tóbak um 2,5% í frumvarpinu. Hækjunin sem slík er ekki mikil en eftir það sem á undan er gengið síðustu ár í hækjunum álögum á þessum vörum er hækjunin ekki lítilvæg þar sem gert er ráð fyrir 25,6 ma.kr. tekjum af þessum liðum í frumvarpi til fjárlaga. Lýsandi fyrir þá þróun er að síðustu 10 ár hefur verðlag á áfengi og tóbaki hækkað um 88%, þar af áfengi um 61%, á meðan almennt verðlag hefur hækkað um 45%. Staðan er su að árið 2017 voru áfengi og tóbak hvergi dýrar í Evrópu en hér á landi (mynd 1). Þrátt fyrir þetta hefur neysla á áfengi ekki dregist saman og því virðast þessar hækkanirnar áfengisgjalds bjóna takmörkuðum tilgangi við að sporna gegn neyslu. Aftur á móti skekkja þessar háu álögur á áfengi hlutfallslega verðlagningu neysluvara en almennt telur Viðskiptaráð að skattar eigi að vera jafnir og hefur lagt áherslu á að virðisaukaskattar á alla vöru og þjónustu séu sem jafnastir. Annar vinkill er að há gjöld á áfengi geta haft neikvæð áhrif á veitingabjónustu. Sá geiri reiðir sig að miklu leyti á erlenda ferðamenn, sem nú eru horfur á að hætt sé að fjölgja, sem gerir þann rekstur sérstaklega krefjandi nú um mundir. Í því ljósi er komið meira en nóg af hækjunum á áfengisgjöldum.

Mynd 1

Hlutfallslegt verðlag í Evrópu 2017

ESB=100, efstu 20 í áfengi og tóbaki

Almennt verðlag
Áfengi og tóbak



Heimild: Eurostat

Hækkun kolefnisgjalda á að vera tekjuhlutlaus

Fáum dylst lengur sú ógn sem stafar af loftslagsbreytingum og því er jákvætt að ráðist sé í aðgerðir sem eiga að sporna gegn þeim. Hækkun kolefnisgjalds virðist þó ekki bara fela í sér slíkar aðgerðir heldur klassíkska skattahækkun á fólk og fyrirtæki sem Viðskiptaráð mótmælir. Engar aðgerðir eru boðaðar í frumvörpum tengdum fjárlögum sem ívilna umhverfisvænni starfsmenni eða um að aðrir skattar verði lækkaðir til mótvægis. Því leggur Viðskiptaráð til að aðrir skattar á fólk og fyrirtæki verði lækkaðir svo að hækkun kolefnisgjalds sé tekjuhlutlaus fyrir ríkissjóðs. Í því samhengi má nefna fjármagnstekjuskatt, tryggingagjald og tekjuskatt.

Er hækkun til þjóðkirkjunnar og kristnisjóðs rétt forgangsröðun?

Í frumvarpinu er ráðgert að hækka sérstaklega fjárfamlög til þjóðkirkjunnar og kristnisjóðs um samtals 42,6 milljónir króna. Þó að fjárhæðin sé lítil í stóra samhenginu má efast um að hún endurspegli bestu forgangsröðun ríkisfjármála. Í fyrsta lagi þar sem hlutfall landsmanna í þjóðkirkjunni hefur lækkað úr um 90% við aldamótin í 59,4% þann 1. september síðastliðinn.¹ Í öðru lagi þar sem opinber framlög til menningar-, íþróttá- og trúmála eru meira en tvöfalt meiri en á hinum Norðurlöndunum eins og kemur fram í umsögn Viðskiptaráðs um fjárlagafrumvarp.

Viðskiptaráð leggur til að þau gögn, athugasemdir, tillögur og ábendingar sem hér fram koma verði höfð að leiðarljósi við breytingar á frumvarpinu sem og almennt í stefnumótun ríkisfjármála. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Konráð S. Guðjónsson

Konráð S. Guðjónsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Sjá [frétt þjóðskrár](#)